



Garðabær 13.mars 2019

**Berist til:** Guðjón Erlingur Friðriksson, Eiríkur Björn Björgvinsson og Kári Jónsson.

**Erindi:** Endurnýjun á samstarfssamningi Garðabæjar og Stjórnunnar.

**Samantekt á óskum Umf Stjórnunnar um breytingar í tengslum við endurnýjun samnings.**

### **2.gr ákvæði, framlag til reksturs**

Umf Stjarnan óskar eftir því að sett verði ákvæði með tengingu framlags til reksturs við almennar kjarasamninga hækkningar. Stjarnan hefur 12 starfsmenn í fullum stöðugildum sem vinna fyrir skrifstofu og deildir félagsins. Allir þessir starfsmenn eru launþegar eins og vera ber og eru skráðir í VR. Í dag eru sjö af þessum starfsmönnum fjármagnaðir að fullu með framlagi samningsins frá Garðabæ og hinir fimm að hluta til.

Undanfarin tvö ár hefur félagið unnið að styrkingu innviða og innra starfs félagsins. Það kemur í framhaldi af fjölgun iðkenda, auknum kröfum og umsvifs reksturs sem fylgt hefur í kjölfarið. Í stefnumótunavinnu sem félagið vann í vetur var mikið ákall um að halda þessari vinnu áfram og færa öll mannaforráð á hendur starfandi stjórnenda félagsins. Það er því útlit fyrir að allir þessir 12 starfsmenn munu vera færðir undir aðalstjórn á næstu misserum og því æskilegt að mati félagsins að samningurinn tengist kjarasamningsbreytingum og tólf stöðugildum.

Vert er að taka fram að engar launaleiðréttingar hafa verið gerðar umfram almennar kjarasamningahækkningar hjá félaginu undanfarin 3 ár ólíkt því sem hefur verið í gangi í samfélaginu og viðskiptalífinu almennt.

Þegar tekinn er saman launakostnaður þeirra starfsmanna sem eru greiddir af fullu frá aðalstjórn í dag (7 starfsmenn) þá er launakostnaður ásamt launatengdum gjöldum 5.845.752 kr á mánuði. Launakostnaður þeirra starfsmanna sem áætlað er að færast á hendur aðalstjórnar er 3.768.802kr pr. mánuð með launatengdum gjöldum. Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda fyrir þessa starfsmenn eru því rétt undir 10 milljónum á mánuði.

### **2.gr – ákvæði, framlag í þróunarverkefni**

Umf Stjarnan óskar eftir því að framlag til þróunarverkefnis sé sett undir liðinn framlag til almenns reksturs enda eru þetta verkefni sem unnin eru af starfsmönnum skrifstofu félagsins og falla undir daglegan rekstur og umsjón að mati félagsins.



## 2.gr. – ákvæði, framlag til afreksstarfsemi

Árið 2012 var framlag til afreksstarfs Stjörnunnar hækkað töluvert eða úr 27 milljónum á ári<sup>1</sup> upp í 54 milljónir<sup>2</sup> En á þeim tíma voru starfræktir sjö meistaraflokkar hjá félaginu:

- Knattspyrna mfl kk
- Knattspyrna mfl kvk
- Handbolti mfl kvk
- Handbolti mfl kk
- Körfubolti mfl kk
- Blak mfl kk
- Fimleikar kvk

Síðan þá hafa í gegnum tíðina bæst við fjórir meistaraflokkar, en þeir eru:

- Körfubolti kvk
- Fimleikar kk
- Blak kvk
- Lyftingar kk/kvk<sup>3</sup>

Frá árinu 2012 hefur Stjarnan í tengslum við þróun og eftirspurn aukið afreksstarf sitt en rétt er að taka fram að tveir hópar af þeim sem eru taldir upp hér að ofan hafa verið lagðir niður en þrír nýir hópar verið samþykktir inn og því fjöldi afrekshópa 10 talsins í dag. Eftir stendur því að á sama tíma og styrkur til grunnkostnaðar við starfsemi þessara flokka hefur hækkað úr 54,2 milljónum í 56,6 milljónir hefur afrekshópum félagsins fjölgað um þrjá flokka. Það hefur í för með sér minni hlutdeild framlagsins á hvern flokk.

Rekstrarumhverfi afreksflokka hefur breyst mikið frá árinu 2012 og ljóst að reksturinn er í mjög ólíkum farvegi í dag. Umfang starfseminar er orðið það veigamikið að ekki er forsvaranlegt að fela það einungis sjálfboðaliðum. Þá hefur rekstrarkostnaður almennt aukist vegna launaþróunar, hækkunar á kostnaðarliðum líkt og ferðakostnaði og aukinnar kröfu um faglegri umgjörð frá sérsamböndum svo eitthvað sé nefnt. Árið 2012 var rekstrarkostnaður þeirra flokka sem voru þá metnir til afrekshópa 174.448.247 milljónir en í dag er rekstrarkostnaður núverandi afrekshópa 327.498.247, þetta er 53% hækkun á kostnaði.

2012	Afreksflokkar	blak	fiml	han ka	han kv	kna ka	kna kv	kör ka	Samtals rekstragjöld	Hlutfall af kostnaðarveltu
	Rekstrarkostnaður	4.489.799	10.467.941	16.287.349	18.216.093	68.682.330	32.970.331	23.334.404	174.448.247	31%
	Afrekssjóður úthlutun	3.500.000	5.000.000	6.400.000	7.800.000	13.500.000	7.000.000	11.000.000	54.200.000	
	<b>Hlutfall af kostnaði</b>	<b>78%</b>	<b>48%</b>	<b>39%</b>	<b>43%</b>	<b>20%</b>	<b>21%</b>	<b>47%</b>		

\* athuga hér var ekki komið upp það kerfi sem er notast við í dag og því skiptingi ákvörðun aðalstjórnar hvert ár.

2018	Afreksflokkar	Lyf	fiml ka	fiml kv	han ka	han kv	kna ka	kna kv	kör ka	kör kv	Samtals rekstragjöld	Hlutfall af kostnaðarveltu
	Rekstrarkostnaður	1.188.976	7.146.110	10.100.000	36.423.043	24.879.696	160.391.523	36.523.620	36.556.871	14.288.408	327.498.247	17%
	Afrekssjóður úthlutun	600.000	4.295.680	5.590.460	7.813.224	7.277.088	11.007.932	7.614.516	7.947.720	4.486.560	56.633.180	
	<b>Hlutfall af kostnaði</b>	<b>50%</b>	<b>60%</b>	<b>55%</b>	<b>21%</b>	<b>29%</b>	<b>7%</b>	<b>21%</b>	<b>22%</b>	<b>31%</b>	<b>17%</b>	

\* lyftingar fá aðeins úthlutað fyrir titla, sem nær samt vel upp í veltu þeirra

<sup>1</sup> samkvæmt samningi undirrituðum 2.mars 2011

<sup>2</sup> samkvæmt samningi undirrituðum 15.mars 2012

<sup>3</sup> hljóta ekki fullan styrk en fá úthlutun vegna titla



Árið 2012 þegar samningurinn var hækkaður að ráði síðast, var tekið mið af því að styrkurinn ætti að duga fyrir 75% af grunnkostnaði flokkanna. Í dag nær afrekssjóðurinn aðeins að upp í 56% af þeirri upphæð, með afmörkunum þar sem þak á launakostnaði þjálfa hafa ekkert verið hækkað frá 2012. Öllum er ljóst að sá kostnaðarliður hefur hækkað líkt og laun hafa hækkað á almennum markaði á þessum árum og því er í raun grunnkostnaðurinn hærri en hér tölur gefa til um og prósentutalan lægri en 56% ef þessar afmarkanir væru leiðréttar í takt við tímann.

Í dag er Stjarnan í fremstu röð í öllum greinum en forsvarsmenn afrekflokka telja að þeir séu komnir að þolmörkum hvað varðar að sækja styrki til fyrirtækja í samfélaginu. Einnig er markaðsumhverfi fyrirtækja að breytast mikið með tilkomu samfélagsmiðla og nýrrar tækni sem hefur áhrif á okkar umhverfi og styrktarsöfnun. Það er því ljóst að félagið þarf að finna sér aðrar leiðir til að geta staðið undir þeim kostnaði sem þarf til að halda úti afrekstarfi í fremstu röð.

Stjarnan hefur áhuga á að leita að nýjum leiðum sem skapa fastar tekjulindir til nokkurra ára og er það því ósk okkar að fá leyfi fyrir tveim nýjum stórum ljósaskilum og einu minna skilti í Garðabæ. Stóru skiltin væru staðsett í Molduhrauni og einnig í Engidal og minna skiltið við innkeyrslu að Ásgarðssvæðinu. Með þessum skiltum gæti Stjarnan búið sér til fastan tekjustofn fyrir afrekstarf félagsins til nokkurra ára sem væri sjálfbær og í rekstri og umsjón aðalstjórnar félagsins. Félagið telur mikilvægt að ef þessi leið til tekjuöflunar verði samþykkt fljótt og vel og að leyfi og uppsetning fyrir ljósaskiltunum verði frágengið á árinu.

Þá óskar félagið eftir að núverandi framlag samningsins sem tilheyrir þessum lið verði endurskoðað með tilsjón á rýmkun þess núvirðis sem samningsupphæð hafði upprunalega fyrir kostnað afrekshópafélagsins.

Stjarnan er stolt af framúrskarandi barna- og unglíngastarfi og afrekstarfi í fremstu röð. Skoðanakannanir sína og má þá bæði vitna í könnun sem Gallup gerði fyrir Garðabæ<sup>4</sup> og þá skoðanakönnun sem Stjarnan gerði í stefnumótunarvinnu sinni í haust að íbúar Garðabæjar líta á Stjórnuna sem eina af máttarstöðum bæjarfélagsins. Það er vilji félagsins að sinna því hlutverki að alúð og í góðu samvinnu við bæjaryfirvöld.

Stjórnendur félagsins vonast til þess að tekið verði tillit til þessara óska um breytingar á samningi og forsendur þeirra og veita gjarna frekari upplýsingar sé þess óskað.

Með von um góðar undirtektir og áframhaldandi íþróttasamfélag í fremstu röð!

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan

<sup>4</sup> [https://www.gardabaer.is/media/stjornsysla/4029116\\_Gardabaer\\_Thjk\\_svf\\_2018\\_til\\_birtingar.pdf](https://www.gardabaer.is/media/stjornsysla/4029116_Gardabaer_Thjk_svf_2018_til_birtingar.pdf)